

sig á hverju hafi verið búist við af honum í náminu. Hann hafi varla fengið nokkra endurgjöf á skrif sín. Hann segist vera viss um að ef kennarar hans hefðu notað Feedback Studio þá hefði það hjálpað honum mun meira.

Jason tekur undir þetta en hann flosnaði upp úr námi á unglingsárum sínum, fór 18 ára gamall sem hermaður til Afganistan þar sem hann særðist illa og fullorðnaðist hratt. Hann segir að þarna, í ókunnu landi, hafi hann upplifað hvað heiðarleiki er mikilvægur eiginleiki fólks og eitthvað sem skólar ættu að leggja aukna áherslu á. Feedback Studio sé eitt af þeim verkfærum sem skólar geti notað til að hvetja til heiðarlegra og góðra vinnubragða. Jason segir að þegar hann hugsar til baka þá telji hann sig hafa verið barn sem hafi þarfnast endurgjafar til að geta vaxið og dafnað. Hann segist vera viss um að ef skólinn hefði boðið upp á rafræn verkfæri eins og til dæmis Feedback Studio og hann fengið virka endurgjöf með því og ábendingar um í hverju hann gæti bætt sig, þá hefði líf hans orðið öðruvísi.

Feedback Studio er verkfæri sem stuðlar að betri menntun nemenda

Turnitin-hugbúnaðurinn er þekktastur fyrir að geta greint ritstuld. Margir halda að það sé eina hlutverk hans. Jason segir að orðræðan um hugbúnaðinn skipti miklu máli. Þegar fólk tali um að Turnitin sé ritstuldarvarnarforrit þá veki það hugmyndir um að þetta sé hugbúnaður sem greini þjófnað á texta frá öðrum höfundum. Jason segir að það sé vissulega eitt af hlutverkum hugbúnaðarins að greina ritstuld en þau séu svo miklu fleiri en það. Hann segir að Turnitin Feedback Studio sé tæki sem kennarar geta notað gagnert í kennslu til að auka gæði náms. Nemendur geta nýtt sér hugbúnaðinn til að skoða gagnrýnið eigin textaskrif, geta metið verkefni hver annars, fengið *heildarumsagnir* (e. feedback summary) frá kennurum í munnlegu eða rituðu formi, ásamt því að sjá ábendingar frá kennara um hvað megi betur fara í formi *bólumsagna* (e. bubble comments), *línumagna* (e. inline comments), *yfirstríkana* (e. strike through text) og *hraðumsagna* (e. quick marks).

Hugbúnaðurinn er verkfæri sem kennarar geta notað til að auðga kennslu, auka fjölbreytni endurgjafar og námsmats. Jason segir að nemendur geti til dæmis metið verkefni hver annars á auðveldan máta í jafningjamats-hluta kerfisins. Hugbúnaðurinn sé í raun menntunarverkfæri til að stuðla að framförum nemenda í námi. Nemendur geta nýtt sér sam-amburð sem þeir fá út úr kerfinu til að skoða skrif sín og læra hvernig þeir geta skrifað betur. Það er til dæmis gott að fá samamburð við heimildaskráningar sem eykur líkur á að þær séu réttar. Ef að nemendur eru með tilvísanir í efni af vefsíðum eða greinum sem þeir eru ekki vissir um áreiðanleikann á, þá geta þeir séð í Feedback Studio hverjir hafa vísað til sömu heimilda. Ef það eru traustir útgefendur og virðingarverðar vefsíður þá er þetta efni sem nemendur geta notað. Ef nemendur sjá að

um er að ræða efni sem hefur einungis verið vísað til í nemendaverkefnum, það er aðeins til á Wikipediu eða það eru einungis fjórar vísanir í það, þá er líklegt að þetta sé efni sem nemendur vilja ekki vera með tilvitnun í.

Nemendur geta þannig notað kerfið til að skoða áreiðanleika heimilda sinna óháð kennaranum. Jason segir að það sé þó mikilvægt að nemendur fái til viðbótar endurgjöf frá kennara. Hann segir það of algengt að nemendur fái ekki persónulega endurgjöf sem leiði til þess að nemendur læri ekki af skrifum sínum. Þeir öðlist því ekki næga þekkingu til að vita hvernig þeir eigi að vinna með efnið á fræðilegan hátt. Hæfni þeirra í skrifum sé því ábótavant, þeir kunni ekki að vinna með óbeinar tilvitnanir sem leiði til þess að þeir steli textum óvart.

Mest af ritstuldi má rekja til skorts á endurgjöf frá kennurum

Jason og Maarten eru sammála um að flest tilvik ritstuldar nemenda séu óviljandi sem þýðir að kennarar geta auðveldlega komið í veg fyrir hann með því að veita virka endurgjöf. Þeir segja að ritstuldur hafi nánast horfið í þeim skólum þar sem kennarar nota Feedback Studio gagnert til að styðja við skrif nemenda. Maarten segir að kennarar verði að skilja að til að koma í veg fyrir ritstuld þá þurfi þeir að veita nemendum persónulega endurgjöf reglulega yfir önnina. Ef kennarar noti Feedback Studio einungis til að athuga með ritstuld í lokaskilum ritgerða þá séu þeir komnir úr kennarahlutverki sínu og í hlutverk lögrelglunnar.

Maarten vill meina að kennarar sem noti hugbúnaðinn einungis til að leita að samsvörnum

til að greina ritstuld séu á villigötum. Þeir séu bókstaflega að mæla vandamál ritstuldar í skólanum en á sama tíma séu þeir ekki beinlínis að gera eitthvað í því. Hann segir að það sé miklu eðlilegra að nemendur fari í gegnum leiðsagnarmat sem nái yfir alla önnina. Nemendur skrifi ritgerð og noti Feedback Studio til að skoða þær samsvaranir sem þeir fái og áreiðanleika heimilda sinna. Kennarar veiti persónulega endurgjöf um hvernig nemendur geti unnið betur með efnið og hvernig þeir vísu í aðra höfunda. Í lok annarinnar sé þá um að ræða sanngjarnt námsmat þar sem kennarar hafi veitt nemendum endurgjöf á skrifin. Kennarar hafi í raun kennt nemendum sínum á þann hátt að þeir hafi tækifæri til að bæta sig í akademískum skrifum sínum. Slíkir kennarar geti þá verið sáttir við sína kennslu. Marteen Mortier segir að slíkur kennari geti sagt við sjálfan sig: „Ég hef í raun kennt nemendum mínum í stað þess að veifa til þeirra rauða spjaldinu í lok námskeiðs“.

Ráðlegging Maarten til kennara og háskóla er að nota Turnitin Feedback Studio ekki sem lögregluverkfæri, heldur nota það til að hjálpa nemendum að bæta sig bæði í námi og sem manneskjur. Hann segir að það hljóti að vera tilgangur kennara að hjálpa nemendum við að mennta sig, að þeir bæti við sig þekkingu, þjálfist í vinnubrögðum og geri hlutina betur. Hann segir að eitt af hlutverkum kennara sé að hjálpa nemendum við að skilja að heiðarleiki skiptir máli. Það skipti nemendum máli að upplifa að eignarétturinn af verkum þeirra sé í reynd þeirra svo þeir geti verið stoltir af vinnu sinni. Á þann hátt öðlist þeir sjálfsryggi og séu óhræddir við að senda verkefni sín inn í Turnitin Feedback Studio.

Ráðstefna

Hvað er góð háskólakennsla? Kennsluráðstefna Kennslumiðstöðvar Háskólans á Akureyri

Elva Björg Einarsdóttir, verkefnastjóri við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands

Starfsmenn Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands tóku þátt í kennsluráðstefnu Kennslumiðstöðvar Háskólans á Akureyri 22 maí 2018. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Hvað er góð háskólakennsla?* Ráðstefnan var römmuð inn af erindum Merrie Kaas, prófessors við Hjúkrunarfræðideild Minnesotaháskóla, um *persónuleg tengsl við nemendur í fjarnámi* (e. re-training not restraining our voice in online teaching) og Önnu Helgu Jónsdóttur, dósentis við Raunvísindadeild Verkefni- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, um *vendinám í fjölmennum og fjölbreyttum nemendahópum*

Að aðaleringum loknum var tekið upp menntabúðafyrirkomulag þar sem háskólakennarar og kennsluþróunarfólk

fjölluðu um fjölbreytta og virka kennsluhætti í háskólum í heildina voru það 21 erindi

Kennslumiðstöð Háskóla Íslands hélt utan um fimm af menntabúðunum: 1) Hvernig við getum nýtt betur endurgjafarhluta Turnitin, 2) Samstarf Háskóla Íslands við edX, 3) Tæki kennarans til ígrundunar, 4) Hlutverk kennsluáætlaða í gæðum náms og 5) Mikilvægi endurgjafar í námi og vandinn við að veita hana Kennsluráðstefnan var allt í senn fróðleg, áhugaverð og glæsileg, ekki síst vegna skemmtilegrar umgjörðar og skipulags Starfsfólk Kennslumiðstöðvar HÍ óskar starfsfólki Kennslumiðstöðvar Háskólans á Akureyri til hamingju með vel heppnaða ráðstefnu og hlakkar til að taka þátt í fleiri ráðstefnum á þeirra vegum